



## VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES

SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901

KENNITALA 680269-6889 – [www.vlfa.is](http://www.vlfa.is)

Stjórn HB Granda  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Akranesi 16. mars 2009

### Áskorun

Undirritaður vill fyrir hönd stjórnar Verkalýðsfélags Akraness lýsa yfir ánægju með þá staðreyni að HB Grandi skuli hafa skilað tæplega 2,3 milljörðum í hagnað á síðasta rekstrarári, enda skiptir það starfsmenn miklu máli að fyrirtækinu gangi sem best.

Eins og stjórn HB Granda er eflaust kunnugt um þá var gengið frá samkomulagi á milli samninganeftndar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um frestun til 1. júlí á endurskoðun kjarasamninga og umsömdum launahækkunum sem áttu að koma til 1. mars sl. Rök áðurnefndra aðila fyrir frestun á launahækkunum var sú að fyrirtækin hefðu ekki fjárhagslega burði til að standa við kjarasamning sem gerður var 17. febrúar 2008.


Verkalýðsfélag Akraness og fimm önnur landsbyggðafélög voru ekki sammála meirihluta verkalýðshreyfingarinnar um að fresta áður umsömdum launahækkunum. Rök þessara sex stéttarfélaga voru þau að til væru fyrirtæki sem gætu staðið við gerða kjarasamninga og þá sérstaklega fyrirtæki sem starfa í útflutningi.

Nú hefur komið í ljós að HB Grandi er að skila ágætis afkomu fyrir síðastliðið ár og á þeirri forsendu skorar Verkalýðsfélag Akraness á stjórn HB Granda að greiða starfsmönnum fyrirtækisins þær launahækkanir sem áttu að koma til framkvæmda 1. mars sl.

Það er ekkert sem meinar stjórn HB Granda að láta þær hækkanir sem áttu að koma 1. mars taka gildi strax, enda eru þeir kjarasamningar sem í gildi eru aðeins lágmarkssamningar.

Það er alveg ljóst að íslensku fiskvinnslufólki sem er að starfa eftir lágmarkskauptöxtum mun svo sannarlega muna um þá 13.500 króna hækkun sem átti að taka gildi 1. mars sl. Verði þessari áskorun tekið með jákvæðum hætti þá er ljóst að það mun koma ykkar ágæta starfsfólki til góða enda hefur greiðslubyrði íslenskra launþega aukist gríðarlega á undanförnum misserum.

Virðingarfyllst,

  
Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA